

**486. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 25. október 2017  
og hófst hann kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Magni Hreinn Jónsson varaformaður, Sigurður Mar Óskarsson aðalmaður, Lína Björg Tryggvadóttir aðalmaður, Jón Kristinn Helgason varamaður, Guðfinna M Hreiðarsdóttir aðalmaður og Ásvaldur Magnússon áheyrnarfulltrúi.

**Embættismenn:**

Brynjar Þór Jónasson, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs og Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Axel Rodriguez Överby, skipulags- og byggingarfulltrúi.

**Dagskrá:**

**1. Svæðisskipulag fyrir Dalabyggð, Reykhólahrepp og Strandabyggð - 2016060025**

Lagður fram tölvupóstur Matthildar Kr. Elmarsdóttur, f.h. svæðisskipulagsnefndar Dalabyggðar, Reykhólahrepps og Strandabyggðar, dagsettur 27. september sl., þar sem svæðisskipulagstillaga og umhverfisskýrsla er send til kynningar og umsagnar.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 990. fundi sínum, 9. október sl., og vísaði til umsagnar í skipulags- og mannvirkjanefnd.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar fagnar því að sveitarfélögin Reykhólahreppur, Dalabyggð og Strandabyggð hafi tekið sig saman um gerð svæðisskipulags. Skýrslan er vel uppsett og skilmerkileg.*

*Nefndin vill þó benda á að betur mætti gera grein fyrir tengslum og samstarfi til framtíðar við aðliggjandi sveitafélög. Þá er ekkert minnst á umhverfissvottun Earth Check sem öll níu sveitafélögin á Vestfjörðum hafa samþykkt að vinna að og hefur vottun nú þegar fengist fyrir árið 2015.*

*Hjálagt er minnisblað byggingarfulltrúa dags.24.10.2017*

**2. Umsókn um lóð - Aðalgata 45b - 2017100010**

Sigurjón Andri Guðmundsson sækir um lóðina Aðalgata 45, Suðureyri. Áform eru um að nýta lóðina undir bílskúr. Fylgigögn eru eftirfarandi þ.e. undirrituð umsókn dags. 25. september 2017 ásamt ljósmyndum.

*Erindi frestað.*

**3. Tunguskeiði - Óveruleg breyting á deiliskipulagi. - 2017010033**

Lagt fram til kynningar, tillaga að deiliskipulagsbreytingu við Tunguskeið, frá

Verkís hf. dags. 20 október.

Breytingar snúa að hækkun nýtingarhlutfalls úr 0.2 upp í 1,0 á lóðum. Götuheiti löguð ásamt því að stórrí iðnaðarlóð við Bónus er skipt upp í þrjár minni lóðir og byggingareitir stækkaðir.

*Lagt fram til kynningar.*

#### **4. Afnot af túni í Engidal - 2017100011**

Lagður fram afnotasamningur af beitarhólfi sem liggur utan við við kirkjugarðinn í Réttarholti, Engidal

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarráð að Anna Portia Specker fá afnot af beitarhólfi skv. samningi.*

#### **5. Umsókn um framkvæmdaleyfi - Fjargirðing/Göngustígur - 2017100052**

Þjónustumiðstöð Ísafjarðarbæjar sækir um framkvæmdaleyfi fyrir gerð göngustígar/reiðvegar ofan við Suðureyri, Ísafjarðarbæ. Fylgigögn eru eftirfarandi: umsókn dags. 20.10.2017 og yfirlitsmynd dags. 23.10.2017

*Erindi frestað.*

#### **6. Hestamannafélagið Hending - Reiðhöll stækkun lóðar - 2017100057**

Marínó Hákonarson óskar eftir því f.h. Hestamannafélagsins Hendingar að lóð undir reiðhöll í Engidal verði stækkuð með vísan í tölvupóst dags. 09.10.2017 óskað er eftir því við bæjaryfirvöld að lóðin verði stækkuð sem nemur 10 metrum til norðurs.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við bæjarstjórn að lóðin verði stækkuð.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:00**

---

Magni Hreinn Jónsson

---

Sigurður Mar Óskarsson

---

Lína Björg Tryggvadóttir

---

Jón Kristinn Helgason

---

Guðfinna M Hreiðarsdóttir

---

Ásvaldur Magnússon

---

---

Brynjar Þór Jónasson

---

Axel Rodriguez Överby